



Reykjavík, 14. ágúst 2024

MSS24080040

TILLAGA

Tillaga öldungaráðs um þarfagreiningu fyrir skilalýsingu á íbúðum ætlaðar eldra fólki

Lagt er til að óska eftir því við borgarráð að gerð verði þarfagreining fyrir skilalýsingu á íbúðum ætlaðar eldra fólki. Þarfagreiningin verði unnin í samtali við hagaðila þannig að til verði viðmiðunar skilalýsing á skipulagi og gæðum íbúða ætluðum eldra fólki og sem hægt verði að nota við gerð deiliskipulags fyrir íbúðir ætlaðir þessum tiltekna aldurshóp.

Greinagerð:

Til stendur að byggja þúsunda íbúða í Lífsgæðakjörnum sem verða staðsettir víðsvegar um borgina. Öldungaráði finnst miður að engar opinberar leiðbeiningar sem byggja á þarfagreiningu fyrir þennan mikilvæga hóp hvorki í byggingareglugerð né á vef Hús- og mannvirkjastofnunar, um hvað uppbyggingaaðilar þurfa taka tillit til við hönnun og útfærslu íbúða ætlaðir þessum hóp. Í ljósi þessa vill ráðið hvetja borgarráð til að láta útbúa þarfagreiningu í samtali við hagaðila eins og Samtök aldraða sem byggt hafa íbúðir fyrir þennan hóp um áratugaskeið og þekkja þarfir hans vel.

Markmið með vinnunni er að til verði viðmiðunar skilalýsing sem hægt verður að styðjast við þegar deiliskipulag er unnið eins og hefur verið gert við uppbyggingu íbúða fyrir fatlað fólk. Margt er hægt að notast við úr þeirri vinnu en svo eru aðrir þættir sem eingöngu snúa að 60 ára og eldri. Þættir sem tengjast þróun öldrunar m.t.t. hönnunar, aðgengi, velferðatækni, öryggi, rafmagnsbúnaðar, lífsgæða og sveigjanleika til að eldast á heimilum sínum samhliða því að missa færni til lengri eða skemmri tíma vegna veikinda án þess að þurfa flytja.



Reykjavík